**Nd.** **683. Breytingartillögur** [308. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 8. gr. Á eftir fyrri mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Þar sem framræsla votlendis getur leitt til þess að land breyti varanlega um svip eða að merkum náttúruminjum verði raskað er skylt að hafa sérstaklega hliðsjón af lögum um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971.
2. Við 10. gr. Á eftir orðunum „skv. I.–X.“ í síðari mgr. XI. liðar komi: tölulið.
3. Við 11. gr. Síðari málsl. orðist svo: Þá getur ráðherra, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands, stjórnar Stéttarsambands bænda og stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sett stærðarmörk á framkvæmdir sem framlags geta notið skv. 10. gr.